

## 20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 61. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún gildi frá og með 1. júní 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 398/1977 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla svo og önnur ákvæði sem fara í bága við þessa reglugerð.

*Í menntamálaráðuneytinu, 1. febrúar 1980.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Birgir Thorlacius.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 6.67% frá 1. mars 1980 frá því sem þær voru 1. febrúar 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. febrúar 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps,  
nr. 263 30. maí 1975.**

## 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 28 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 9 500.

Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.